

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við
brautskráningu kandídata í Laugardalshöll laugardaginn 14. júní
2025**

Fyrrverandi rektor, aðstoðarrektor, forsetar fræðasviða,
deildarforsetar, starfsfólk Háskóla Íslands, kandídatar, góðir gestir nær
og fjær.

Kæru kandídatar, til hamingju með daginn. Þetta er merkisdagur í
ykkar lífi. Á slíkum tímamótum er við hæfi að staldra við, líta um öxl
og horfa fram á veginn. Þá gefst tími til að gleðjast yfir góðum árangri
og setja sér ný markmið. Þá er líka við hæfi að hugleiða hvernig okkur
hefur miðað áfram í Háskóla Íslands og í samfélaginu öllu. „Höfum við
gengið til góðs, götuna fram eftir veg?“, eins og þjóðskáldið Jónas
Hallgrímsson spurði landa sína. En frá Jónasi eru runnin einkunnarorð
Háskóla Íslands sem fanga inntakið í menntahugsjón okkar: „Vísindin
efla alla dáð, / orkuna styrkja, viljann hvessa, / vonina glæða, hugann
hressa, / farsældum vefja lýð og láð.“

Með því að skrá ykkur til náms við Háskóla Íslands tóku þið ákvörðun
um að hasla ykkur völl á þeim vettvangi vísinda og fræða, sem Jónas
taldi að myndi ráða úrslitum um farsæld íslensku þjóðarinnar. Í dag er
komið að því að sú ákvörðun ykkar beri ávöxt þegar þið takið við
prófskírteinum sem votta um seiglu ykkar, hæfni og þekkingu. Fyrir
hönd alls starfsfólks Háskóla Íslands óska ég ykkur og fjölskyldum
ykkar, innlega til hamingju með áfangann. Hann er lykill ykkar að
fram tíðinni sem opnar ný tækifæri, greiðir leiðina að fjölbreyttum

störfum, og gefur ykkur færi á að dýpka skilning ykkar á heiminum, samfélaginu og ykkur sjálfum.

Kæru kandídatar, 21. öldin er öld vísinda, almennrar menntunar og framfara á öllum sviðum. Þetta er öldin ykkar. Flest eruð þið fædd í kringum síðustu aldamót og hafið nú þegar átt viðburðaríka ævi og meðal annars upplifað efnahagshrun, heimsfaraldur og mestu styrjaldaráttök í Evrópu frá lokum síðari heimsstyrjaldar. „Allt getur gerst“, gætu því verið kjörorð ykkar kynslóðar. En þið hafið líka upplifað undraverðar framfarir í vísindum og tækni sem sumar eru svo stórstígar að erfitt er að skilja þær til fulls nema fyrir tilstilli markvissra rannsókna. Enginn getur þó sagt fyrir um hvernig öldinni muni vinda fram, eða hvaða nafn henni verði gefið þegar fram líða stundir. Verður hún kölluð stafræna öldin, eða öld nýsköpunar, eða öld sjálfbærni eða öld mannúðar og mannréttinda? Eða verður 21. öldin þvert á móti einkum tengd við hugmyndafræðilegar öfgar, ofsaveður, stríðsátök, faraldra og misskiptingu auðs og valds? Um það er vitaskuld of snemmt að spá. En hafið hugfast, kæru kandídatar, að framlag ykkar mun skipta miklu máli, jafnvel ráða úrslitum um svipmót aldarinnar. Það er ykkar að standa vörð um grunngildi alls háskólastarfs, málfrelsið og mikilvægi þess að leita sannleikans og uppgötva nýjungar sem geta orðið öllum til heilla. Frá þeim sjónarhóli er 21. öldin öld möguleikanna. Andspænis þeim ótal tækifærum sem ykkur munu bjóðast skipta góður hugur og agaður vilji mestu máli, ásamt traustum undirbúningi og áræði til að grípa þau tækifæri sem gefast til að hrinda áformum ykkar í framkvæmd.

Það sem af er 21. öldinni hefur Háskólinn ykkar, kæru kándídatar, einnig tekið stakkaskiptum, hvort sem litið er til kennsluhátta og námsaðstöðu, rannsóknainnvíða og rannsóknafkasta eða umfangs alþjóðlegs samstarfs. Sem dæmi um þetta má nefna að í nýjasta húsinu okkar, Sögu, sem brátt mun hýsa Menntavísindasvið, verður fyrsta flokks aðstaða til kennslu list- og verkgreina, og einnig er ráðgert að þar verði tækni- og sköpunarsmiðja sem mun stórauka aðgengi háskólanema að stafrænum tækjum til miðlunar og sköpunar. Og með *Hermís*, glænýju hermisetri Háskóla Íslands og okkar nána samstarfsaðila Landspítalans eru Íslendingar komnir í fremstu röð í heiminum í færni- og hermikennslu í heilbrigðisgreinum.

Á undanförnum árum höfum við einnig kappkostað að efla samstarf við íslenskt atvinnu- og menningarlíf. Í þessu sambandi vil ég benda á að samkvæmt nýlegri alþjóðlegri könnun er vísindafólk við Háskóla Íslands tvöfalt líklegra til að stunda rannsóknir og birta vísindagreinar með fyrirtækjum í atvinnulífinu en almennt gerist í Evrópu og Bandaríkjunum. Þá hefur uppbygging Vísindagarða skólans verið hröð en þar hafa skapast fjölbreytileg tækifæri til nýsköpunar, á sviði tækni, samfélags og menningar. Frumkvöðlastarf í Háskóla Íslands hefur aldrei verið blómlegra en nú, bæði á meðal starfsfólks og nemenda. Háskóli Íslands er þannig ein af grunnstoðum íslensks samfélags og sú stofnun sem vafalítið hefur ráðið mestu um sjálfsmynd þjóðarinnar og stöðu hennar í alþjóðasamfélaginu. Þar hafa rannsóknir á sögu okkar, tungu, siðum, lögum og samfélagsgerð skipt sköpum. Ótvíræður og óháður vitnisburður um stöðu Háskólans er að skólinn hefur um árabil

verið í allra fremstu röð þeirra stofnana samfélagsins sem njóta mests trausts á Íslandi samkvæmt árlegri viðhorfsmælingu.

Kæru kandídatar og góðir gestir. Ytri ásýnd Háskóla Íslands hefur gerbreyst síðan skólinn hélt upp á hundrað ára afmæli sitt árið 2011. Ekki veit ég hvenær þið stiguð fyrst fæti á háskólalóðina. En séuð þið í hópi þeirra þúsunda sem hafa sótt Háskóla unga fólksins eða aðra fræðsluviðburði fyrir ungmenni hér á lóðinni, hefur umbyltingin í húsnæðismálum undanfarin tuttugu ár ekki farið framhjá ykkur. Nú er svo komið að það er hreinlega erfitt að ímynda sér hvernig Háskóli Íslands var fyrir þessa aðstöðubyltingu. Það munar um minna en náttúrvísindahúsið Öskju, Stúdentagarða við Oddagötu, félagsmiðstöðina Háskólatorg, Gimli, tungumálasetrið Veröld – hús Vigdísar, íslenskuhúsið Eddu, Vísindagarðana okkar í Vatnsmýrinni, viðbyggingar við Gamla-Garð og nú síðast sjálfa Sögu. Sumar af þessum byggingum hafa risið á námstíma ykkar og nýtt hús Heilbrigðisvísindasviðs, sem skapa mun gríðarleg tækifæri til samstarfs og teymisvinnu, rís nú við Landspítalann. Þessar veglegu byggingar, sem bera vott um framsýni stjórnvalda og háskólayfirvalda, hefðu varla risið nema fyrir stuðning Happpdrættis Háskóla Íslands rétt eins og eldri byggingar skólans.

Fyrsta flokks húsnæði og aðstaða er afar mikilvæg til að laða að hæfasta starfsfólkið og nemendur í innlendri og erlendri samkeppni. En afdrif háskóla ráðast þó fyrst og fremst af því hvernig þeir sinna lykilhlutverkum sínum, rannsóknum, kennslu og nýsköpun á grundvelli akademíks frelsis, jafnréttis og fagmennsku. Á fyrsta fjórðungi 21.

aldar hefur Háskóli Íslands farið frá því að vera traustur og skilvirkur grunnnámsskóli yfir í að vera alhliða alþjóðlegur rannsóknarháskóli í fremstu röð sem á í virku samstarfi á öllum fræðasviðum við aðra rannsóknarháskóla um víða veröld. Sem dæmi um þessa breytingu má nefna að um síðustu aldarmót voru birtingar vísindafólks Háskóla Íslands í alþjóðlegum vísindatímaritum um 200 talsins, en eru nú, 25 árum síðar, komnar í um 1.600. Þennan mikla árangur má rekja til markvissrar stefnu um að efla rannsóknanámið og stórauka sókn í innlenda, en ekki síst erlenda rannsóknarsjóði. Traust alþjóðlegt orðspor Háskóla Íslands gefur prófgráðum ykkar, kæru kandídatar, enn meiri vigt og opnar ykkur nýjar dyr.

Ágætu kandídatar, eins og ykkur er öllum kunnugt kusum við, starfsfólk og stúdentar Háskólans, okkur nýjan rektor á nýliðnu vormisseri. Silja Bára Ómarsdóttir, prófessor í stjórnmálafræði, mun taka við embætti rektors fyrsta júlí næstkomandi og gegna því næstu fimm árin. Ég óska verðandi rektor farsældar í öllum hennar störfum þegar hún axlar þá miklu ábyrgð sem fylgir embætti rektors og ég er sannfærður um að Háskólinn mun áfram blómstra um ókomin ár.

Kæru kandídatar, þetta er í síðasta sinn sem mér hlotnast sá heiður að ávarpa brautskráningarhátíð Háskóla Íslands sem rektor skólans. Þessar uppskeruhátíðir hafa ætíð verið með ánægjulegustu stundum í starfi mínu. Ég hef verið þeirrar gæfu aðnjótandi að fá að leiða Háskólann á einhverju mesta framfara- og uppbyggingarskeiði í sögu hans en líka á tímum áður óþekktra áskorana. Enginn gat t.d. séð fyrir að loka þyrfti skólanum og færa alla kennslu yfir á netið um tíma. En

við vorum vel búin undir þá áskorun þar sem við höfðum þegar innleitt margvísleg ný rafræn kennslukerfi og ýmis kennslufræðileg úrræði. En hvort sem við höfum spilað sókn eða vörn hef ég notið þess að fá að starfa með þeim ótrúlega samhenta hópi starfsfólks og stúdenta sem tekið hefur þátt í uppbyggingu þess óskabarns íslensku þjóðarinnar sem Háskóli Íslands hefur alla tíð verið. Stefnurnar tvær sem við höfum fylgt síðustu tíu ár lýsa vel grunnhugsjón okkar og tilgangi. Sú fyrri bar titilinn *Öflugur Háskóli – farsælt samfélag* og sú síðari *Betri Háskóli – betra samfélag*. Þetta hefur verið svar okkar við spurningu þjóðskáldsins góða, Jónasar Hallgrímssonar, um það hvort við höfum gengið „til góðs, / götuna fram eftir veg.“

Kæru kandídatar. Hér í Háskóla Íslands hafið þið lagt traustan grundvöll sem þið getið um ókomna framtíð byggt ofan á. Til ykkar verða gerðar miklar kröfur á ólíkum sviðum lífsins og ég er þess fullviss að þið munið axla þá ábyrgð með sóma og láta gott af ykkur leiða. Með þeim orðum hvet ég ykkur til að ganga stolt og vongóð til móts við ný verkefni og nýjar áskoranir.

Framtíðin er björt. Hún er ykkar.